

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnuáskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að selja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal:
 - a. fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 16. greinar hér að framan líður, frá þeim tíma, er hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlzt gildi;
 - b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi, eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þá meðlimi, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.
 Þetta er staðfestur texti samþykktar þeirrar, sem löglega var gerð á 31. þingi Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar, sem haldið var í San Francisco og slitið 10. dag júlímánaðar 1948.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, þriðjugasta og fyrsta ágúst 1948.

Forseti þingsins

Justin Godart.

Forstjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar

Edward Phelan.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands.

Hinn 5. október 1950 skiptust sendiráð Íslands í París og utanríkisráðuneyti Frakklands á orðsendingum um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands, dags. 5. október 1949.

Samkomulagið er framlengt til 30. nóvember 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. október 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.